

| Bæjarskrifst. Garðabæjar |          |
|--------------------------|----------|
| Mótt.dags.               | 28.02.22 |
| Málalykill               | 10.12    |
| Mál nr.                  | 2202487  |

Garðabær 100% ehl.  
570169-6109,  
V.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.  
Garðatorgi 7,  
210 Garðabæ

Reykjavík, 24. febrúar 2022

Ágæti viðtakandi,

**Efni: Fyrirhugaðar framkvæmdir við að breikka Hringveg (1). Fossvellir – Hólmsá.**

**Fasteignin: Heiðmörk, landnr. 218182.**

**Kynning framkvæmdar.**

### I.

Með bréfi þessu tilkynnist að Vegagerðin hefur áform um að breikka Hringveg á kaflanum frá Fossvöllum að Hólmsá. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og umferðaröryggi á vegarkaflanum en mikil umferð er um Hringveg og hefur Vegagerðin unnið að tvöföldun Hringvegar milli Reykjavíkur og Selfoss undanfarin ár.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í tvöföldun Hringvegar á um 5,5 km kafla og nær frá síðustu breikkun frá Fossvöllum vestast á Sandskeiði niður Lögbergsbrekku og vestur fyrir Hólmsá. Í áformunum felst að breikka veginn í 2+2 aðskildar akreinar, byggja ný vegamót við Geirland auk gerðar hliðarvega og reiðvega, útbúa vegtengingar að sumarhúsabyggð við Lækjarbotna og tengingar að jörðum og frístundabyggð norðan vegar. Einnig er áformað að byggja reiðgöng neðanvert í Lögbergsbrekku auk byggingar tveggja akreina brúar á Hólmsá. Framkvæmdir eru hafnar á fyrri hluta kaflans sem er um 3,3 km að lengd og nær frá Fossvöllum niður fyrir Lögbergsbrekku ásamt gerð hliðarvega og tenginga.

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Skýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var gefin út í júní 2009 vegna mats á umhverfisáhrifum tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Hólmsá austur fyrir vegamót að Hveragerði. Í matsskýrslunni voru lagðir til þrír kostir; 2+2 vegur, 2+1 vegur og 2+2 vegur í þröngu sniði. Að mati Skipulagsstofnunar höfðu allir kostirnir jákvæð áhrif á umferðaröryggi en stofnunin lagði ekki mat á hver væri besti kosturinn. Við framkvæmdina hefur verið farin blönduð leið, þ.e. að leggja ýmist 2+1, 2+2 eða 2+2 veg í þröngu sniði. Framkvæmdin milli Fossvalla og Hólmsár verður 2+2 vegur sem tekinn er niður í 2+1 á vegamótum og framkvæmd í tveimur áföngum.

Framkvæmdin við tvöföldun Hringvegar var áfangaskipt og hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga árið 2010. Í meginatriðum var framkvæmdum þannig háttað við stærstu

## MAGNA

L O G M E N N

Þætti verkefnisins að vegarkaflinn Fossvellir – Draugahlíðar var boðinn út í mars 2010 og vegarkaflinn Hamragilsvegur – Hveragerði var boðinn út í maí 2013. Í júní sl. var kaflinn Fossvellir – Lögbergsbrekka, (fyrri áfangi vegarkaflans Fossvellir – Hólmsá) boðinn út og á vordögum 2022 stendur til að bjóða út kaflann Hólmsá – Lögbergsbrekka (síðari áfanginn).

Slóðin á matsskýrsluna á vef Skipulagsstofnunar er hér:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/639/Matssk%C3%BDrsla%20Su%C3%B0urlandsvegur.pdf>

Álit Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí 2009 er að finna á vef Skipulagsstofnunar:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/638/2008120047.pdf>

Vegna lagningar hliðarvegur um Lækjarbotna sem þjóna skal sem vegtenging við frístundahús og Waldorfskólann í Lækjarbotnum var send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 18. nóvember 2021 var framkvæmdin ekki talin matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 111/2021. Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 18. nóvember 2021 er að finna á vef Skipulagsstofnunar:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1747/202109059%20-%20Hli%C3%B0arvegur%20%C3%AD%20L%C3%A6kjarbotnum,%20K%C3%B3pavogs%20%C3%A6r.pdf>

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag sveitarfélaganna sem vegurinn liggur um. Lítill hluti vegarins fer um land Mosfellsbæjar en vegsvæðið er að mestu í upplandi Kópavogs og framkvæmdin er í samræmi við nýsamþykkt Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld, sbr. 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 722/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin er á fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og er því starfsleyfisskyld hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Vegagerðin mun afla allra tilskilinna leyfa. Starfsleyfi vegna fyrri áfanga framkvæmdanna og framkvæmda við hliðarveg liggja fyrir hjá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Framkvæmdaleyfi vegna fyrri áfanga verksins var gefið út af Mosfellsbæ hinn 15. júlí 2021 og Kópavogsbæ hinn 13. október 2021 og eru framkvæmdir hafnar. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna hliðarvegur um land Lækjarbotna er til meðferðar hjá Kópavogsbæ en sá hluti tilheyrir fyrri hluta verksins. Framkvæmdir við síðari hluta verksins munu hefjast þegar tilskilin leyfi liggja fyrir og að afloknu útboði, allt í samræmi við fjárveitingar til verksins.

## II.

Framkvæmdir við Hringveg, Fossvellir – Hólmsá, eru í samræmi við samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 (þingsályktun nr. 41/150, sbr. þingsályktun nr. 21/151).

Þessi kaflí Hringvegur er með eina akrein í hvora átt, akstursstefnur eru ekki aðskildar og leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst. Á kafla í Lögbergsbrekku eru tvær akreinar til austurs þar sem önnur er klifurrein, en akstursstefnur eru ekki aðskildar. Þá eru varasöm vegamót og tengingar við hliðarvegi og vegslóða sem liggja frá veginum. Tengingum vega og slóða beint inn á Hringveg verður lokað og umferð beint um ný vegamót.

## MAGNA

L O S M E N N

Suðurlandsvegur liggur um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Markmið með framkvæmdunum er að aðskilja akbrautir og breyta vegfláum og öryggissvæðum og draga þannig úr líkum á bílveltum og árekstrum og þar með hættu á mengun vatnsbólanna. Gert er ráð fyrir að mold og jökulruðningur verði notaður í ríkulegu magni í miðdeili og vegfláa innan ákomusvæðis til að lágmarka umhverfistjón ef óhöpp verða.

Að vestanverðu tengist vegkaflinn núverandi vegi við Hafravatnsvegamót og að austanverðu tengist vegurinn 2+2 vegi ofan við Fossvelli. Vegkaflinn er vegtegund A34, sem er 34 metra breiður vegur með miðdeili. Yfirborð verður malbikað. Gert er ráð fyrir að byggð verði ný tveggja akreina brú á Hólmsá.

Byggð verða ný vegamót á mótis við Geirland milli st. 9500 og 9900 þar sem vegtengingar verða til norðurs og suðurs ásamt að- og fráreinum. Vegamótin verða þrengd T-vegamót til að tryggja umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir vegtengingu að Lækjarbotnalandi sunnan vegar um þessi vegamót og að jörðum og frístundasvæðum norðan vegar. Núverandi vegtengingu norðan megin vegar sem m.a. hefur tengt Gunnarshólma, frístundabyggð í Elliðakotslandi, Geirland o.fl. verður lokað en í staðinn gerð ný vegamót ca. við st. 9680. Þar er gert ráð fyrir framtíðarvegtengingu til norðurs, vesturs og austurs sem tengi byggðina norðan megin Hringvegar. Ný vegtenging að Gunnarshólma mun liggja um hliðarveg samsíða Hringveginum norðan megin.

Byggð verður ný tveggja akreina brú á Hólmsá, norðan við núverandi brú. Brúin verður samsíða og með sama sniði og eldri brú.

Framkvæmdasvæðið er samtals um 5,5 km langt og nær frá stöð u.þ.b. 7700 til stöðvar 13200, sbr. meðfylgjandi yfirlitsmynd **fskj 1, Hringvegur um Fossvelli – Hólmsá. Yfirlitsmynd St. 7600-14000, dags. 20.12.2021, teikn. nr. B-02, útg. A.**

Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður enn fremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn.

Ekki liggur fyrir hvar vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við og með samþykki þess landeigenda sem við á. Einnig þarf heimild heilbrigðiseftirlits þess umdæmis sem vinnubúðir yrðu staðsettar í. Vinnubúðir verktaka og vinnuaðstaða munu standa út framkvæmdatíma en verða fjarlægðar að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðum í samræmi við áskilnað í framkvæmdaleyfi. Í tengslum við brúargerð má gera ráð fyrir að verktaki þurfi að útbúa athafnasvæði til bráðabirgða og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið.

## III.

Áhrif á land Heiðmerkur, landnr. 218182, verða á um 230 metra kafla, milli ca. stöðva 8790 og 9020. Stærð lands sem þörf er á vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan lands Heiðmerkur er um 1.290 fermetrar. Um er að ræða mjóa spildu samsíða núverandi vegi sem fellur innan 30 metra frá miðlínu vegar, sem er núverandi veghelgunarsvæði.

## MAGNA

L Ö G M E N N

Meðfylgjandi bréfi þessu er uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða legu vegsvæðis í landi Heiðmerkur. Fyrirhugað er að greiða landbætur fyrir u.þ.b. 1.290 fermetra sbr. meðfylgjandi uppdrátt á **fskj. 2, Hringvegur um Fossvelli – Hólmsá. Heiðmörk vegsvæði. L218182, F 2328980. St 8790-9020, dags. 20.12.2021, Teikn. nr. W-04, útg. A**, sem sýnir veglínur og vegsvæði Hringvegar, þó þannig að almennt er gert ráð fyrir að sveitarfélög leggi til land undir nauðsynlega þjóðvegagerð án sérstaks endurgjalds.

Bent skal á að allar tölur og mælingar eru tilgreindar með eðlilegum fyrirvara um að einhverjar minniháttar breytingar gætu orðið á þeim þar sem ekki er um endanlega verkhönnun að ræða. Þá gæti orðið um minniháttar tilfærslu á veglínu miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar að ræða.

Eignarhald vegsvæða verður í kjölfar samninga fært yfir til Vegagerðarinnar með þinglýsingu samnings og afsals, sbr. 38. gr. vegalaga nr. 80/2007.

## IV.

Í samræmi við VII. kafla vegalaga, nr. 80/2007, er landeiganda skylt að láta af hendi land sem þarf til þjóðvegagerðar og hvers kyns veghalds, svo sem breytinga, breikkunar eða viðhalds, enda komi fullar bætur fyrir. Þá ber landeiganda jafnframt að leyfa efnistöku í landi sínu til vegagerðar, enda bætist það að fullu. Framangreind skylda til þess að láta eignaréttindi af hendi nær einnig eftir atvikum til annarra rétthafa sem eiga réttindi á landi, sbr. 1. mgr. 37. gr. laganna.

Vegagerðinni ber að tilkynna landeigendum, og eftir atvikum öðrum rétthöfum, þegar áformað er að fara í framkvæmdir sem hafa í för með sér skerðingu á eignarréttindum, sbr. 2. mgr. 37. gr. vegalaga. Þá skal Vegagerðin gefa tiltekinn frest til þess að koma að athugasemdum við tilhögun framkvæmda, sbr. 3. mgr. 37. gr. vegalaga.

Ennfremur er bent á að ef landeigandi óskar eftir að fela öðrum að annast samskipti við Vegagerðina eða sjá um samningagerð fyrir sína hönd er nauðsynlegt að framvísa skriflegu umboði.

Hér með tilkynnir Vegagerðin landeigendum um fyrirhugaða framkvæmd og er veittur fjögurra vikna frestur frá dagsetningu bréfs þessa til þess að koma að athugasemdum við tilhögun framkvæmda, ef einhverjar eru. Þess er óskað að athugasemdir og skýringar verði sendar á eftirfarandi póstfang:

MAGNA lögmenn  
Einar Farestveit, lögmaður  
Netfang: [einar@magna.is](mailto:einar@magna.is)  
Höfðabakka 9, 6.h.  
110 Reykjavík  
Sími: 571-5400

# MAGNA

L O G M E N N

Nánari upplýsingar um framkvæmdirnar og tilhögun verksins má einnig fá hjá Vegagerðinni:

Vegagerðin

Gísli Gíslason, verkefnastjóri

Netfang: [gisli.gislason@vegagerdin.is](mailto:gisli.gislason@vegagerdin.is)

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

netfang: [helga.j.jonasdottir@vegagerdin.is](mailto:helga.j.jonasdottir@vegagerdin.is)

Suðurhrauni 3

210 Garðabær

Sími: 522 1000

Virðingarfyllst,  
f.h. Vegagerðarinnar



Einar Farestveit, lögmaður  
(einar@magna.is)

**Fylgiskjöl:**

1. Hringvegur um Fossvelli – Hólmsá. Yfirlitsmynd St. 7600-14000, dags. 20.12.2021, teikn. nr. B-02, útg. A.
2. Hringvegur um Fossvelli – Hólmsá. Heiðmörk vegsvæði. L218182, F 2328980. St 8790-9020, dags. 20.12.2021, Teikn. nr. W-04, útg. A



